

# 1. fundur undirbúningsstjórnar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 3. mars 2022 kl. 8:30 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Gunnar Tryggvi Halldórsson í fjarveru Jóns Arnar Stefánssonar
- Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri
- Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson RR ráðgjöf, sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá

### 1. Skipun formanns undirbúningsstjórnar

Samþykkt samhljóða að Jón Gíslason verði formaður undirbúningsstjórnar. Ákveðið að þóknun nefndarinnar verði sú sama og var hjá samstarfsnefnd.

Húnavatnshreppur verði umsýsluaðili verkefnisins sem fyrr.

### 2. Samningur við RR ráðgjöf um verkefnisstjórn og ráðgjöf

Róbert kynnti tillögu að verklýsingu og tilboði í verkefnisstjórn og ráðgjöf við Undirbúningsstjórn.

Ákveðið að ráðgjafar og formaður vinni nánar í tímalínu verkefnisins og leggi fram til afgreiðslu á næsta fundi.

### 3. Verkefni undirbúningsstjórnar og tímalína

Róbert fór yfir verkefni undirbúningsstjórnar og var yfirlit lagt fram fyrir fundinn.

Fundarmenn eru sammála um að leggja áherslu á að hefja samráð við starfsfólk sem fyrst. Ráðgjöfum falið að kanna með aðkomu mannauðsráðgjafa.

Ákveðið að undirbúningsstjórn fundi vikulega á mánudögum kl. 16.

### 4. Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags og fundarsköp

Jón Hrói kynnti þau atriði sem þarf að taka afstöðu til í nýjum samþykktum fyrir sameinað sveitarfélag.

Lagt til að ráðgjafar geri tillögu að samþykktum með hliðsjón af hugmyndum um fjölgun fulltrúa með vísan til tilraunaákvæðis og leggi fyrir næsta fund.

## **5. Samræming fjárhagsáætlana og upplýsingakerfa**

Ráðgjafar leggja til að sveitarstjórum og fjármálastjórum sveitarfélaganna verði falið að hefja undirbúning að samræmingu fjárhags núverandi sveitarfélaga og sameiningu fjárhagsáætlana frá stofnun nýs sveitarfélags. Þeim verði falið að gera tillögu um hvaða bókhaldskerfi verði nýtt í sameinuðu sveitarfélagi. Samþykkt samhljóða.

## **6. Val á nafni nýs sveitarfélags**

Róbert kynnti algengt verklag við val á nafni fyrir sameinuð sveitarfélög.

Ákveðið að leita sjónarmiða íbúa með skoðanakönnun sem fer fram samhliða sveitarstjórnarkosningum.

Ákveðið hefja hugmyndasöfnun sem allra fyrst. Ráðgjöfum falið að leita samstarfs við BetraÍsland.is um rafræna hugmyndasöfnun á sambærilegan hátt og gert var í Þingeyjarsýslu.

## **7. Málefni umhverfisakademíu**

Einar fór yfir tillögu um að sami starfshópur og vann tillögu að stofnun Umhverfisakademíu fái umboð til að halda áfram undirbúningsvinnu og gera tillögu að félagsformi, svo hægt sé að klára formlega stofnun félagsins. Samþykkt samhljóða.

## **8. Önnur mál**

Umræða um sameiningu Blönduskóla og Húnavallaskóla. Ákveðið að fresta umræðunni til næsta fundar og taka sérstaklega á dagskrá.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10.15.